

LISTKYNNING

**KVENFÉLAGA-
SAMBAND
SUÐUR-ÞINGEYINGA**



**LIST UM
LANDIÐ**

Ávörp:
Hólmfríður Pétursdóttir,
Sigríður Thorlacius,
Gils Guðmundsson,
Guðbergur Bergsson.

Ljóð:
Emma Hansen.

Útlit og umsjón sýningarskrár:
Eyborg Guðundsdóttir.

Setning, prentun:
Prentsmiðja Hafnarfjarðar hf.

LISTKYNNING

KVENFÉLAGA- SAMBAND SUÐUR-ÞINGEYINGA

STÆRSTU TRÉN ERU VAXIN
UPP AF LITLUM KVISTI.
TURN MED NÍU LOFTUM
RÍS AF LÁGUM GRUNDVELLI.
MARGRA MÍLNA FERÐ BYRJAR
Á EINU SKREFI.

LAO TSE

LIST UM LANDIÐ

LJÓÐ

30

Hrímrósin skreytir blöðum bláa ísa,
blikandi glitið skín í mánaljósi,
kristallar skærir langa rökkrið lýsa,
litauðgir kveikja hjartans yl, þótt frjósi.

Sofandi lækur liggur undir klaka,
lágværum niði rekur drauma sína.
Heyrist hann kveða: Komdu, vor, til baka.
Kysstu mig, sól, og vermdu bakka mína.

Hrímrósin gullna grætur sig til bana,
gleymist, en brumið vex í kjarri lágu.
Lækurinn gleðst og hugsar ei um hana.
Hníga í djúpið rósatárin bláu.

Emma Hansen.

Hólmfríður Pétursdóttir form. Kvenfélagsambands Suður-Þingeyinga:

Kvenfélagsamband Suður-Þingeyinga var stofnað 7. júní 1905. Þar átti stóran hlut að máli frú Jónína Sigurðardóttir húsmæðrakennari frá Draflastöðum, en hún ferðaðist um í sýslunni, hélt fyrirlestra, námskeið og sýnikennslu. Konur sóttu námskeið og fyrirlestra af miklu kappi og þá vaknaði áhugi fyrir að viðhalda og auka þau kynni, sem þegar höfðu vaknað. Má segja, að þetta hafi verið kveikjan að stofnun þessa sambands, sem nú telur nær fimmhundruð félaga, en í sambandinu eru 14 kvenfélög á svæðinu Tjörnes—Grenivík.

Á stefnuskrá samtakanna segir svo meðal annars:

„Tilgangur félagsins er að efla félagslega samvinnu kvenna, sem miði að því að vekja áhuga þeirra sjálfra og almennings á því að efla sjálfstæði kvenþjóðarinnar út á við og auka almenna menntun kvenna. Að þessu, og fjölmörgum áhuga og mannúðarmálum, hefur félagsambandið nú unnið nær 68 ár, þó árangur sé ef til vill ekki eins og áhugi og vonir stóðu til.

Tímarnir breytast og viðfangsefni einnig, og nú þegar okkur bauðst þátttaka í listaverkasýningu, sem austurhúnvetnskar konur voru að setja upp, þótti okkur það verðugt verkefni og mjög í anda þeirrar stefnuskrár að styðja hvers konar menningarmál í héraði.

Við þökkum öllum sem lagt hafa sitt af mörkum til þess að af sýningu þessari gat orðið.

Sigríður Thorlacius formaður Kvenfélagasambands Íslands:

Listkynning sú, sem Samband austur-húnvetnskra kvenna hefur forgöngu um, er mikið framtak og lofsvert. Er S.A.H.K. hið fyrsta héraðssamband innan Kvenfélagasambands Íslands, sem eitt sér lyftir því Grettistaki, að flytja fjölbreytta mynd- og tónlistarhátíð heim í sitt hérað. Þá er og ánægjulegt, að kvenfélagasambönd nágranna-héraðanna skuli fá sýninguna til sín, svo að sem flestir megi njóta hennar. Er fagnaðarefni, að sambandskonurnar sanna þannig mátt samtaka sinna og skilning á nauðsyn þess, að velja sér sífellt ný verkefni til þroska og gleði.

Enginn ætti að láta telja sér trú um, að hann kunni eða geti ekki notið ýmissa listgreina, þótt menn séu í eðli sínu og af uppeldi misjafnlega næmir fyrir ólíkum tjáningarförnum. Enginn getur heldur sagt öðrum fyrir um hvaða reynsla kunni að verða honum dýrmætust af snertingu við list. En gefist tækifæri til alltíðra kynna af ýmsum listgreinum, þá geta menn þjálfað næmi sitt og skilning og um leið aukið nautnina af hverri listtjáningu.

Hvar endar hagleikur — hannyrðir? Hvar hefst list?

EKKI mun alltaf auðvelt að marka þau skil og ekki ólíklegt, að iðkun þess fyrnefnda verði oft gróðurreitir hins síðara. Augu, eyra, hugur og hönd þarfast allt þjálfunar til þess, að næmleikinn umfram hið almenna — náðargáfan — verði skapandi afl.


Allt frá fornsögulegum tíma mannkyns geymast myndform, sem vekja mönnum fögnuð og aðdáun. Til eru líka tjáningarför, sem eru svo tímabundin, að jafnvel samtíðin dæmir ómerkt það, sem um tíma var dáð.

List á að víkka reynslusvið mansandans, vekja nýjar kenndir, löngun til að skilja og skynja fleira en fyrirbæri hversdagsins, en varpa um leið á þau ljóma fyllri lífs-nauthar.

Megi heill fylgja þessu menningarstarfi kvenfélagasambandanna, sem og öðrum störfum þeirra.



Vigdís Kristjánsdóttir.



Hringur Jóhannesson.

Ásgrímur Jónsson.





Þorvaldur Skúlason.



Stytta Gunnfríðar Jónsdóttur
af Guðmundi Góða.

Málverk:

Ásgrímur Jónsson
Eyborg Guðmundsdóttir
Guðbergur Bergsson
Gunnlaugur Scheving
Hringur Jóhannesson
Hörður Ágústsson
Jóhannes Geir Jónsson
Magnús Kjartansson
Margrét Jónatansdóttir Líndal
Sigurður Örlygsson
Sigríður Björnsdóttir
Svavar Guðnason
Vilhjálmur Bergsson
Þorvaldur Skúlason

Svartlist (grafík):

Arnar Herbertsson
Björg Þorsteinsdóttir
Jens Kristleifsson
Ragnheiður Jónsdóttir

Höggmyndir (skúlptúr):

Ásmundur Sveinsson
Gunnfríður Jónsdóttir
Jón Gunnar Árnason
Ólöf Pálsdóttir


Listvefnaður:


Ásgerður Búadóttir
Hildur Hákonardóttir
Hólmfríður Árnadóttir
Vigdís Kristjánsdóttir

Húsagerðarlist (arkitektúr):

Geirharður Þorsteinsson
Guðmundur Kr. Guðmundsson
Hannes Davíðsson
Maggi Jónsson

Jóhannes Geir.






Svavar Guðnason.



Eyborg Guðmundsdóttir.


Vilhjálmur Bergsson.





Sigriður Björnsdóttir.


Jón Gunnar Árnason: Táknmynd Listahátíðar 1972.






Sigurður Örlygsson.

Magnús Kjartansson.



Verk Ásmundar Sveinssonar.



Gils Guðmundsson alþingismaður:

Menntamálaráð Íslands hefur að nýju tekið upp gamlan þráð, að styðja og beita sér fyrir flutningi á LIST UM LANDIÐ. Árin 1958 og 1959 gerðu Menntamálaráð og Ríkisútværpið í sameiningu slíka tilraun um fjölbættan listflutning víðs vegar um land. Gafst sú tilraun að mörgu leyti vel, þótt ekki yrði að því sinni framhald á.

Sú er ætlun Menntamálaráðs, að stuðla að flutningi lifandi listar sem víðast út um héruð þessa lands. Getur þar verið um að ræða flutning á hverri listgrein út af fyrir sig, en þó einkum fleiri eða færri saman, myndlist tónlist, leiklist, ballett, skáldlist. Í sumum tilvikum verður efnt til listkynningar að frumkvæði Menntamálaráðs, en í öðrum, svo sem hér á sér stað, kemur til stuðningur ráðsins við framtak og stórhug félagasamtaka hinna dreifðu byggða. Þykir okkur forsvarsmönnum Menntamálaráðs einkar ánægjulegt að geta með slíkum hætti komið til móts við áhugafólk héraðanna, sem vinnur að flutningi góðrar listar á heimaslöðum.

Þrátt fyrir misjafnan smekk og sundurleita dóma um listamenn og listaverk mun það sannast mála, að án þeirra verðmæta sem fólgin eru í listum, væri líf okkar allra fátæklegra en það er eða getur verið. Það er ósk okkar, sem stöndum að LIST UM LANDIÐ, að slíkar heimsóknir veiti ekki aðeins nokkra tilbreytingu og skemmtun, sem þó er mikils virði, heldur megni hin lifandi list að auðga líf fólksins.

Guðbergur Bergsson rithöfundur:

Ég ætla ekki að reyna að gefa neina algilda skýringu á list, en gæti ég dregið eitthvað úr feimni eða tortryggni fólks gagnvart verkum þeim, sem verkamenn hennar vinna, þá er dálitlum áfanga náð.

Allt ópekkt er okkur framandi; og stundum erum við óvinveitt því, sem er ópekkt, nema við séum gætt frjórri forvitni. Beri ókunnugan gest að garði, er hann eðlilega framandi heimilisfólkini, en við nánari kynni hverfur framandleikinn, viðhorf fólksins breytist, og að lokum líta engir tveir heimilismenn gestinn sömu augum: framandleikinn fór, margbreytileikinn kom í hans stað. Eins er þetta í listinni. Og fari hún nú um landið, þá nálgast heimamenn hinn framandi gest á sýningunum, og við bau kynni gæti hafizt samleikur þjóðar og listar. Kannski ætti að þjóðnýta listamenn. Þjóðin ætti að nýta listina, listin ætti að nýta þjóðina, og þjóð og list ættu að hittast oftar en verið hefur.

Hvers vegna?

Vegna þess að listin ein er fær um að vekja allt það, sem býr í manninum. Hún vekur ekki aðeins unað, ekki einungis fegurð, heldur einnig allt hitt, sem svo oft liggur vanrækt og bælt, gleymt og leynt og hálfdáið úti um hinum miklu og lítt könnuðu víðáttur mannsins.

Listin hefur fylgt manninum allt frá því, að hann byrjið að vera vitsmunavera. Hún hefur broskað manninn, og maðurinn hefur broskað hana. List mun ætið fylgja manninum, sífellt í breytti mynd, samkvæmt hans ytri breytingum á hverjum tíma, þótt um eðlisbreytingu sé varla að ræða, hvorki hjá manninum né í listinni. Hegðun mannsins breytist, og hegðun listarinnar breytist.

List gegnir ekki neinu ákveðnu hlutverki. Eðli hennar er margvislegt. Einn meginþáttur þess er leitin, og vegna þess eðliseinkennis verður hún alltaf torskilin. En list er ekki einungis hægt að skilja, heldur skynja, sjá, heyra, snerta. List höfðar ekki alltaf til skilnings og vits, heldur til frumkennda og tilfinninga: mannsins alls.

Eins og konan fæðir barnið, fæðir listamaðurinn listaverkið. En hvað frjóvgar listamanninn? Því verður aldrei svarað í eitt skipti fyrir öll, vegna þess að enginn getur sannað endanlega, hvað frjóvgar allt innra líf mannsins. En listin virðist fylgja hinum almennu lögmálum náttúr-

unnar, og jafn erfitt reynist að finna lögmal náttúrunnar og lögmal listarinnar. Samt býr list í öllum mönum, þar af leiðandi geta allir nálgast hana með einhverjum hætti. Verið því óhrædd við listina, verið óhrædd við ykkur sjálf. Og enginn skyldi óttast, þótt furðuverk birtist í huganum, eftir kynni hans af list, eftir að hann hefur kynnt sjálfum sér. Hræðist ekki það, að nálgast listina á ykkar sérstaka hátt. Verið óhrædd að skapa list, þið, sem haldið ykkur kannski vera „ósköp hversdagsleg og ólistræn í ykkur“. Augað skapar um leið og það sér. Engir tveir menn sjá sama hlutinn með sama hætti. Og hægra augað sér hlutinn öðruvísí en það vinstra.

Og eins verður litið misjöfnum augum, að konur, sem áður áttu bara að hræra í sínum potti, skuli nú hræra við öllu þjóðfélaginu og hrinda list úr höfuðborginni um landið. Á því listaverki byggist þessi sýning, hversu „óskiljanlegt“ sem það kann að virðast.



Guðbergur Bergsson.


Hörður Ágústsson.





Gunnlaugur Scheving: „Nótt á sjó“.

Þorvaldur Skúlason: „Málverk“.



Útgáfubækur Menningarsjóðs 1972

Auk **Almanaks** og **Andvara** gaf Bóka-útgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins út eftir-taldar bækur árið 1972:



Íslenzk ljóð 1954—1963, á þriðja hundrað kvæði eftir um 40 höfunda.

Af skáldum, safn ritgerða eftir Halldór Laxness.

Bréf Stephans G. Stephanssonar, II. bindi, Dr. Finnbogi Guðmundsson sá um útgáfuna.

Tryggvi Gunnarsson, III. bindi, ævisaga eftir Bergstein Jónsson.

Fást, sorgarleikur eftir J. W. Goethe. Yngvi Jóhannes-son þyddi.

Landið týnda, eftir Jóh. V. Jensen. Sverrir Kristjánsson þyddi.

Seint á ferð, sögur eftir Ólaf Jóh. Sigurðsson.

Börn og bækur, lestrarbókakönnun eftir dr. Símon Jóh. Ágústsson.

Frá Endurskoðun til Valtýsku, sagnfræðileg rannsókn eftir Gunnar Karlsson.

Alfræði Menningarsjóðs:

Bókmenntir eftir Hannes Pétursson skáld.

Stjörnufræði, **Rímfræði** eftir dr. Þorstein Sæmundsson.

BÓKAÚTGÁFA MENNINGARSJÓÐS OG ÞJÓÐVINAFÉLAGSINS


SAMVINNUTRYGGINGAR g/t

- býður yður góða tryggingabjónustu. Þrjátíu tegundir trygginga veita heilbrigtr öryggi fyrir lægsta mögulegt iðgjald. Í húseigendatryggingu eru 7 tryggingar í einu skírteini.

SAMVINNUTRYGGINGAR
v/ Stóragarð, Húsavík.

FLUGIÐ ER FERÐAMÁTI NÚTÍMANS

© AUGLÝSINGASTOFAN



INNAN LANDS



MILLI LANDA

FLUGFÉLAG ÍSLANDS




Gjöfin sem gleður.
Gjafir fyrir alla.

Munið hringana frá

HALLDÓRI
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 2

VANTI GÓÐA GJÖF
HVAR Á LANDINU SEM ER,
ÞÁ HRINGID Í
HALLDÓR
SÍMI 13334



**Hálfnað
er verk
þá hafið er**

**sparnaður
skapar
verðmæti**



Samvinnubankinn

Útibú Húsavík, sími 41211

* Fljúgum til Blönduóss, þrjá daga í viku,

PRIÐJUDAGA

FIMMTUDAGA

LAUGARDAGA

- * Ennfremur: leiguflug, kennsluflug, æfingarflug, sjúkraflug og vörุflug um land allt.
- * Afgreiðslumaður á Blönduósi er Sverrir Kristófersson, Húnabraut 27, sími 4153.



REYKJAVÍKURFLUGVELLI

SÍMI 26060

SAMVINNUKONUR

Innan samvinnuhreyfingarinnar hafa íslenzkar konur frá upphafi gegnt eljusömu, en oftast svo persónulegu og hljóðlátu starfi, að það verður aldrei metið á neinar vogarskálar, fremur en heimilisannir hverrar húsfreyju. Óvist er, hvort nokkrir hafa skilið betur anda samvinnustefnunnar, mannúðarkenningar hennar um frjálst samstarf og samhjálp en einmitt konurnar. Og varla hafa aðrar í upphafi kunnað fljótar og innilegar að meta þær hagsbætur og öryggi, er samvinnufélögin færðu heimilunum.

Í dag er samvinnufélagsskapurinn bakhjalr athafnalífs og velmegunar í byggðum þessa lands. Íslenzkar samvinnukonur taka æ meiri þátt í opinberri starfsemi samvinnufélaga sinna og er það vel. Áhugi þeirra á heimilisfegrún, listum og hvers konar menningarmálum er ekki hvað sízt ómetanlegt afl í starfsemi samvinnuhreyfingarinnar. Sambandið óskar norðlenzkum samvinnukonum til hamingju með þá stórbrotnu listsýningu, sem konur hafa efnt til, og nú er á ferð um Norðurland.



SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA



BÚNAÐARBANKI
ÍSLANDS

Útibú Sauðárkróki

**Banki Skagfirðinga
annast öll bankaviðskipti**

Ríkisábyrgð á sparifé

**Afgreiðslutími virka daga
nema laugardag
kl. 9.30-12 og 13.30-16**